

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 26. maí, var haldinn 113. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.25. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Sigmundur Þórir Jónsson, Aðalheiður Frantzdóttir og Kristján Guðmundsson. Sveinn Hjörtur Guðfinnsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Einnig sátu fundinn Helgi Kristófersson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Rætt um málefni í hverfinu er varða Íþróttafélag Reykjavíkur, t.a.m. íþrótta- og sjálfbæðaliðastarf, átaks- og samstarfsverkefni sem eru í mótun, kynningarmál o.fl. Hverfisráð Breiðholts samþykkir eftirfarandi bókun:

Umhverfis- og skipulagssvið og aðrir hlutaðeigandi aðilar hjá Reykjavíkurborg eru hvattir til að vinna hratt og örugglega að góðri sátt við ÍR í máli er varðar trjáklippingar við Breiðholtsbraut.

Þráinn Hafsteinsson íþróttastjóri hjá ÍR, tók sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Styrkumsókn frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, kt. 681206-0860, tölvupóstur dags. 7. maí 2015.
Samþykkt að veita Íbúasamtökunum Betra Breiðholt styrk að upphæð kr. 50.000.- Hverfisráð leggur einnig til að Reykjavíkurborg haldi áfram stuðningi til Íbúasamtakanna með því að bjóða fram húsnæði fyrir fundarhöld endurgjaldslaust.
- Helgi Kristófersson vék af fundi undir þessum lið.
3. Kynning og umræður um starfsemi íbúðakjarna á vegum velferðarsviðs í Breiðholti. Stefán Eiríksson sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, tók sæti á fundinum undir þessum lið.
Hverfisráð þakkar sviðsstjóra fyrir gagnlegar og upplýsandi umræður.

Fundi slitið kl. 18.00

Nichole Leigh Mosty

Sigmundur Þórir Jónsson
Aðalheiður Frantzdóttir

Kristján Guðmundsson